



Fundargerð aðalfundar MS félagsins 2015

Aðalfundur félagsins haldinn þann 9. maí 2015 kl. 13.00 að Sléttuvegi 5.

Fundinn sátu 16 félagsmenn.

Fundarstjóri var Steinunn Þóra Árnadóttir og fundarritari var María Þorsteinsdóttir.

Dagskrá:

Nýr heiðursfélagi : Áður en regluleg aðalfundardagskrá hófst tilkynnti Berglind Guðmundsdóttir, formaður, val á nýjum heiðursfélaga MS-félagsins. Nýi heiðursfélaginn er María Þorsteinsdóttir. Berglind rakti helstu ástæður fyrir valinu og kallaði Maríu síðan upp og afhenti henni blómaskreytingu og áritaða öskju sem á stóð: *Með kærri þakklæti fyrir áratuga hlýhug og velvild í þágu MS-félagsins og félagsmanna þess. MS-félag Íslands 1968-2015.*

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar:

Berglind Guðmundsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir því helsta í starfsemi félagsins á árinu. Grunnstoðir í þjónustu voru þær sömu og áður þ.e. námskeið, félagsráðgjöf, útgáfa MeginStoðar og þjónusta MS-Setursins. Námskeið voru haldin fyrir nýgreint MS-fólk og fyrir maka þeirra og foreldra. Einnig stóð félagsmönnum til boða námskeið í yoga, styrk- og jafnvægisþjálfun og reiðnámskeið. Fræðslufundir voru haldnir á Akureyri í október fyrir fagaðila, annars vegar, og MS-fólk og aðstandendur, hins vegar, og voru þeir vel sóttir. Félagið er virkt í norrænu samstarfi og Heiða Björg Hilmisdóttir er varaformaður norrænu MS-samtakanna. Alþjóðadagur MS er haldinn hátíðlegur árlega og verður þema dagsins í ár aðgengi í víðasta skilningi þess orðs. Formaður minntist á heimasíðu félagsins og kynnti nýja merki félagsins sem samþykkt var á síðasta aðalfundi. Kjarninn í blóminu og stilkurinn eiga að tákna heila og mænu og krónublöðin fimm atriði sem eru til stuðnings fólki með MS, þ.e. MS-samtök, stuðningur, þjónusta, læknavísindi og fræðsla. Blómið í heild er tákni fyrir blómlega og bjarta framtíð fólks með MS og félagsins.

Formaður ræddi um fjármál félagsins og gat þess að framlag ríkis og borgar var kr. 2.800.000 á síðasta ári. Ráðdeildarsemi einkennir rekstur félagsins og þar hjálpar meðal annars að starfi framkvæmdarstjóra er enn sinnt launalaust af formanni, Bergþóru Bergsdóttur og Sigurbjörgu Ármannsdóttur.

Að lokum þakkaði formaður einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu félagið og flutti félagsmönnum þakkir stjórnarinnar og starfsfólks fyrir ánægjulegt samstarf á árinu. Hún þakkaði einnig stjórn og skrifstofustjóra fyrir gott starf og hinum fjölmörgu sjálfboðaliðum fyrir fórnfúsan stuðning við félagið.

2. Endurskoðaður ársreikningur:

Bergþóra Bergsdóttir, gjaldkeri, kynnti ársreikning 2014. Þessi ársreikningur sýnir í raun eðlilegra ástand varðandi rekstrartekjur en árið áður þegar sérstakt átak var gert til að rétta af tap sem hafði orðið vegna ósamkomulags við söfnunaraðila sem þá var, eins og rætt var á síðasta aðalfundi. Gjaldkeri gat þess að takmörk eru fyrir hversu miklum ágangi eða þrýstingi hægt er að beita í fjáröflun án þess að tapa stuðningi fólks.

Rekstrarhagnaður ársins nam 5.169.140 kr. en að frádregnum afskriftum af fasteign nam hagnaður ársins 926.640 kr.

Eigið fé er 211,6 milljónir kr. þar af eru um 22 milljónir kr. í varasjóði og viðhaldssjóði og tæpar 4 milljónir kr. í fræðslusjóði. Bókað virði Sléttuvegar 5 er 157,8 milljónir króna.

Umræður: Spurt var um háan kostnað vegna endurskoðunar. Gjaldkeri svaraði því til að nauðsynlegt væri að traust ríkti um endurskoðun reikninga og því væri nauðsynlegt að viðurkennd endurskoðunarskrifstofa annaðist endurskoðun. Einnig var spurt um mismunandi afskriftaprósentu af húsi og sólpalli og útskýrði gjaldkeri að það tengdist mismunandi afskriftatíma.

Skýrsla og ársreikningur voru samþykkt samhljóða. Fundarmenn lýstu yfir mikilli ánægju með rekstur og starf félagsins sem er gott og fórnfúst og að miklu leyti unnið í sjálfboðavinnu.

3. Upphæð árgjalds:

Tillaga stjórnar um óbreytt árgjald, kr. 2500, var samþykkt samhljóða.

4. Lagabreytingar:

Karl Steinar Guðnason kynnti tillögu að breytingu á 6. grein laganna. Greinin hljóðar svo: **i) Kosning þriggja fulltrúa í fulltrúaráð ÖBÍ til tveggja ára, þar af einn í aðalstjórn ÖBÍ, og einn til vara.**

Lagt er til að greinin verði: **i) Kosning aðalfundarfulltrúa og varamanna á aðalfund ÖBÍ skv. lögum ÖBÍ.**

Ástæða breytingar er að ný heildarlög ÖBÍ voru samþykkt á síðasta aðalfundi bandalagsins og kalla þau á nýtt innra skipulag. Stjórnin verður skipuð 19 stjórnarmönnum í stað 37 áður með einum fulltrúa frá hverju aðildarfélagi. MS-

félagið á rétt á þremur fulltrúum og geta þeir boðið sig fram í embætti og stjórn bandalagsins. Einfaldast þykir að lög félagsins fylgi lögum ÖBÍ.

Lagabreytingin var samþykkt samhljóða og lögin í heild með þessari breytingu.

5. Kosning stjórnar:

Berglind Guðmundsdóttir gaf kost á sér sem formaður. Því var fagnað með lófataki. Í aðalstjórn sitja áfram þær Bergþóra Bergsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir, kosnar í fyrra, og Gunnar Felix Rúnarsson og Ólína Ólafsdóttir voru kosin til áframhaldandi setu. Björg Ásta Þórðardóttir gaf einnig kost á sér áfram sem varamaður og Ingveldur Jónsdóttir situr áfram. Engin mótframboð komu fram og var klappað fyrir stjórn næsta árs.

6. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga:

Margrét Flóvenz, löggiltur endurskoðandi KPGM, og Valdimar Leó Friðriksson gegna þessum störfum áfram.

7. Kosning þriggja fulltrúa á aðalfund ÖBÍ:

Kosnir aðalmenn : Garðar Sverrisson, Ingveldur Jónsdóttir og Sigurbjörg Ármannsdóttir. Varamenn: Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir og Ólína Ólafsdóttir.

8. Kosning nefnda:

Laganefnd: Helgi Seljan, Karl Steinar Guðnason og Sigríður Jóhannesdóttir sitja áfram.

Ritnefnd: Páll Kristinn Kristinsson er ritstjóri. Aðrir í ritnefnd eru: Berglind Guðmundsdóttir, Bergþóra Bergsdóttir, Dagbjört Anna Gunnarsdóttir (Akureyri) og Sigurbjörg Ármannsdóttir.

Funda- og fræðslunefnd: Berglind Guðmundsdóttir, Berglind Björgúlfsdóttir, Helga Káradóttir, Kristján Einar Einarsson, Lonni Björg Hansen, Ólafur Örn Karlsson, Ólína Ólafsdóttir, Sigurbjörg Ármannsdóttir og Vigdís Ingólfsdóttir.

Aðrir félagsmenn sem hafa áhuga voru jafnframt hvattir til að gefa sig fram við nefndir félagsins og bjóða fram störf sín.

9. Önnur mál:

a) Kristján E. Einarsson tók til máls og taldi þörf á að ræða réttindi MS-fólks varðandi rekstur MS-Setursins. Til dæmis varðandi lokun eða frí þegar æfingar detta niður og einnig þjónustu við MS-fólk meðan á dvöl stendur. Kristján vill meina að MS-fólk fái minni þjónustu á Setrinu en fólk með aðra sjúkdóma og vill

að félagið ítreki við Setrið að sinna eigi félagsmönnum betur. Formaður þakkaði Kristjáni fyrir þessar ábendingar.

b) María Þorsteinsd. lagði til að klappað yrði sérstaklega fyrir Berglinni, Bergþóru og Sigurbjörgu sem sinna miklum störfum launalaust –án þess að vera kosnar. Því var vel tekið.

Lokaorð:

Formaður þakkaði fundarstjóra, fundarritara og félagsmönnum fyrir fundinn og traustið sem henni er sýnt. Að lokum bað hún fundarmenn að þiggja kaffi og tertur.

Fundi slitið kl. 14.20